

---

# Fundargerð

---



**ÍSLENSKI**  
LÍFEYRISJÓÐURINN

---

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins, haldinn miðvikudaginn  
20. maí 2026, kl. 16:00 í Landsbankanum hf.,  
Reykjastræti 6, 101 Reykjavík.

---

---

Una Eyþórsdóttir, stjórnarmaður í sjóðnum, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún tilnefndi Daða Bjarnason lögmann í starf fundarstjóra og var það samþykkt án athugasemda. Daði tók við stjórn fundarins, þakkaði traustið og tilnefndi Pétur Pétursson sem fundarritara og var það samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri kannaði því næst lögmati fundarins. Samkvæmt samþykktum sjóðsins, sbr. gr. 6.1., skal stjórn boða til ársfundar með sannanlegum hætti með þriggja vikna fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í Morgunblaðinu 27. apríl 2026 og á vef Íslenska lífeyrissjóðsins þann 27. apríl 2026. Fundarstjóri lýsti því yfir að um lögmeta boðun í samræmi við ákvæði samþykkt sjóðsins væri að ræða. Því næst innti hann fundarmenn eftir því hvort einhver fundarmanna gerði athugasemd við boðun eða lögmati fundarins að öðru leyti. Engar athugasemdir komu úr sal af hálfu fundarmanna og lýsti fundarstjóri fundinn löglegan.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykkt. Fundarstjóri vísaði til þeirrar venju að bíða með að gefa orðið laust og bera upp spurningar þar til fyrstu fjórir dagskrárliðirnir væru tæmdir. Enginn fundarmanna gerði athugasemd við fyrirkomulagið.

#### **Dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning á ársreikningi
3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun
5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn
6. Kosning endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

---

# 1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf Unu Eyþórsdóttur, stjórnarmanni, orðið og flutti hún skýrslu stjórnar í fjarveru Atla Atlasonar stjórnarformanns sem forfallaðist vegna veikinda. Ræða hennar fer hér á eftir:

## „Fundarstjóri, ágætu sjóðfélagar.“

Rekstur Íslenska lífeyrissjóðsins á árinu 2025 gekk að mörgu leyti vel.

Vöxtur sjóðsins hefur verið stöðugur undanfarin ár en að jafnaði hefur sjóðurinn vaxið um 13% á ári síðustu 5 ár og er hann meðal þeirra lífeyrissjóða landsins sem hafa vaxið hvað mest á því tímabili. Á síðasta ári nam vöxturinn rúmum 13%.

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 216,4 milljörðum króna í lok árs 2025 og hækkaði um 25,5 milljarða króna á árinu.

Sjóðfélögum hélt einnig áfram að fjölga. Í árslok áttu um 55.400 einstaklingar réttindi í sjóðnum. Þá voru virkir sjóðfélagar um 27.700 í lok árs 2025, samanborið við um 25.400 árið áður. Það svarar til rúmlega 9% fjölgunar á milli ára. Fjöldi virkra lífeyrisþega var 1.464 á árinu 2025 samanborið við 1.351 árið 2024.

Þessar tölur sýna að sjóðurinn heldur áfram að sækja fram og í því samhengi er rétt að minna á að aðild að Íslenska lífeyrissjóðnum byggir á frjálsri aðild. Enginn er því skyldaður, á grundvelli kjarasamnings, til að ganga í sjóðinn.

Nafnávöxtun ávöxtunarleiða sjóðsins var á bilinu 3,6% til 8% á árinu 2025, en verðbólga var um 3,7%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar allra leiða var um 1%.

Ávöxtun sjóðsins á árinu markaðist að einhverju leyti af erfiðum aðstæðum á bæði innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Sú skýring segir þó ekki alla söguna. Niðurstaða ársins er stjórn sjóðsins vonbrigði, enda var ávöxtunin ekki jafn góð og hjá þeim sjóðum sem við berum okkur að jafnaði saman við.

Þar vegur einkum þungt slakur árangur í tveimur eignaflokkum, innlendum og erlendum hlutabréfum. Þessir eignaflokkar skiluðu töluvert lakari niðurstöðu en sambærileg eignasöfn hjá samkeppnisaðilum.

Þetta er stjórn sjóðsins mikið áhyggjuefni. Stjórnin hefur, ásamt fjárfestingarráði sjóðsins, farið ítarlega yfir eignastýringu síðustu misseri og mun áfram leggja áherslu á að greina orsakir þessa árangurs og bregðast við með videigandi hætti.

Eins og ljóst má vera ríkir mikið óvissuástand á fjármálamörkuðum heimsins og sér ekki fyrir endann á

því. Markaðir sveiflast mikið og blikur eru á lofti í heimsmálum sem geta á augabragði haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir eignamarkaði. Í slíku umhverfi er sem endranær mikilvægt að stíga varlega til jarðar og tryggja skynsamlega áhættudreifingu.

Tryggingafræðileg úttekt sjóðsins vegna ársins 2025 var, sem fyrr, unnin af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi. Samkvæmt útreikningum hans eru heildareignir samtryggingardeildar um 3,4 milljörðum króna lægri en heildarskuldbindingar deildarinnar. Það jafngildir tryggingafræðilegri stöðu upp á -2,3%.

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins, mun hér á eftir fara nánar yfir tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar.

Eins og kunnugt er hefur starfsemi Íslenska lífeyrissjóðsins hingað til verið útviðað til Landsbankans á grundvelli rekstrarsamnings. Þetta rekstrarfyrirkomulag hefur reynst sjóðnum vel en með því hefur sjóðurinn notið góðs af sterkum innviðum stærsta fjármálafyrirtækis landsins.

Aðgangur sjóðsins að sérfræðingum bankans og þeirri þekkingu sem þar er til staðar hefur verið mikilvægur. Þá hafa tæknilegir innviðir bankans nýst sjóðnum vel. Gera má ráð fyrir að þessir þættir verði áfram mikilvægir, ekki síst í ljósi þess að ytri kröfur til reksturs lífeyrissjóða fara vaxandi. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega nefna upplýsingatækni.

Lífeyrissjóðir, rétt eins og fjármálakerfið allt saman, standa frammi fyrir miklum ógnum á sviði netöryggismála en samhliða aukinni ógn hefur regluverk verið styrkt og kröfur um viðnámsþrótt og varnir aukist sömuleiðis. Að þessu leyti nýtur Íslenski lífeyrissjóðurinn góðs af samstarfi við Landsbankann sem auðveldar sjóðnum að takast á við nýjar áskoranir.

Einnig má nefna að sölunet og markaðsstarf bankans hefur stutt við vöxt sjóðsins á undanförunum árum. Á síðasta ári voru gerðir samtals 5.600 samningar við nýja sjóðfélaga en það jafngildir 100 samningum á viku í bæði samtryggingu og viðbótarlífeyrissparnaði. Það verður að teljast afar góður árangur, kannski ekki hvað síst í ljósi þess að vörumerki lífeyrissjóðsins er ekki mjög þekkt. Þrátt fyrir góðan árangur í sölu er allt eins líklegt að sjóðurinn eigi eitthvað inni hvað sölu- og markaðsmál varðar.

Á árinu 2024 var framkvæmdastjóri ráðinn beint til sjóðsins, en fram að því hafði framkvæmdastjóri ávallt verið starfsmaður rekstraraðila. Reynslan af þeirri breytingu hefur verið góð. Ekki er útilokað að frekari breytingar verði gerðar á næstu misserum og

---

að fleiri starfsmenn verði ráðnir beint til sjóðsins, til dæmis á sviði áhættustýringar.

Stjórn sjóðsins er meðvituð um mikilvægi þess að viðhalda sjálfstæði sjóðsins, bæði í ásýnd og reynd. Stjórnin er jafnframt meðvituð um að mögulegir hagsmunaárekstrar geta komið upp milli sjóðsins og bankans, einkum á sviði fjárfestinga. Með góðum stjórnarháttum, skýrum verkferlum og skýrum markmiðum er þó unnt að fyrirbyggja slíkt og tryggja að hagsmunir sjóðfélaga séu ávallt í fyrirrúmi.

Á árinu 2024 var undirritaður nýr rekstrarsamningur milli lífeyrissjóðsins og Landsbankans. Samningurinn fól í sér lækun á umsýsluþóknun og sjást áhrif þess skýrt í kennitölum ársreiknings 2025.

Til dæmis hefur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna lækkað úr 0,32% árið 2023 í 0,20% árið 2025.

Þetta er jákvæð þróun og mikilvægt að áfram verði horft til hagkvæmni í rekstri sjóðsins, án þess þó að það komi niður á gæðum þjónustu, eftirliti eða faglegum rekstri.

Á síðustu misserum hafa nokkrir lífeyrissjóðir sameinast. Þá eiga einhverjir í viðræðum um mögulegt samstarf eða sameiningu. Það er ekki óeðlilegt að lífeyrissjóðir leiti leiða til að styrkja rekstrargrundvöll sinn og hagræða í rekstri sínum með frekari sameiningum. Það er hlutverk okkar sem stöndum að rekstri lífeyrissjóða að stuðla að hagkvæmum rekstri, en um leið að tryggja öruggan og faglegan rekstur. Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins hefur ávallt lagt áherslu á hvoru tveggja og stjórnin verði vakandi og sofandi yfir því verkefni. Í þessu sambandi má upplýsa að stjórn er opin fyrir því að að skoða hvaða möguleikar eru í stöðunni varðandi sameiningu við aðra lífeyrissjóði en tíminn verður að leiða í ljós hvort slíkir möguleikar eru fyrir hendi.

Við sem störfum á vettvangi lífeyrissjóða erum meðvituð um þá ábyrgð og þær skyldur sem fylgja starfinu. Starfsemi lífeyrissjóða er að mörgu leyti frábrugðin annarri starfsemi í samfélaginu. Hún er lögbundin, byggir á langtímahugsun og lýtur öflugum opinberu eftirliti. Það er mikilvægt og eðlilegt í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem undir eru.

Íslenska lífeyriskerfið er ein af mikilvægustu stöðum velferðarkerfisins. Það byggir á samspili almanna-trygginga, skyldubundins lífeyrissparnaðar og frjáls viðbótarparnaðar. Þessi uppbygging hefur reynst vel og stuðlað að því að draga úr fjárhagslegri óvissu fólks á efri árum. Hún hefur jafnframt skapað sterkan langtímasparnað í samfélaginu, sem hefur

haft veruleg áhrif á þróun fjármálamarkaða og fjármögnun atvinnulífsins.

Íslenskir lífeyrissjóðir hafa jafnframt komið vel út í alþjóðlegum samanburði, meðal annars hvað varðar eignasöfnun, rekstrarkostnað og almenna uppbyggingu kerfisins. Það er þó mikilvægt að menn sofni ekki á verðinum heldur þarf stöðugt að leggja mat á hvort kerfið sé að þróast í takt við þarfir sjóðfélaga, breytingar á vinnumarkaði og breyttar aðstæður í samfélaginu.

Áskoranirnar eru margar. Þar má nefna hækkandi lífaldur, breytta aldurssamsetningu þjóðarinnar, sveiflur á fjármálamörkuðum og vaxandi kröfur um áhættustýringu, innra eftirlit og upplýsingatækni. Þá hafa breytingar á vinnumarkaði, aukin fjölbreytni og meiri hreyfanleiki fólks milli starfa og landa einnig áhrif á lífeyriskerfið og kalla á að kerfið sé bæði traust og sveigjanlegt.

Traust er ein mikilvægasta forsenda lífeyriskerfisins. Sjóðfélagar þurfa að geta treyst því að fjármunir þeirra séu varðveittir og ávaxtaðir með faglegum, ábyrgum og hagkvæmum hætti. Þeir þurfa einnig að geta treyst því að ákvarðanir séu teknar með langtímahagsmuni þeirra að leiðarljósi, en ekki skammtímasjónarmið eða sérhagsmuni.

Þar skiptir gagnsæi miklu máli. Lífeyrissjóðir þurfa að útskýra betur hvernig þeir starfa, hvernig ákvarðanir eru teknar, hvaða áhætta fylgir fjárfestingum og hvernig hagsmunir sjóðfélaga eru tryggðir. Það er ekki nóg að starfa af heilindum; starfsemin þarf einnig að vera skiljanleg þeim sem hún þjónar.

Stjórnin hélt 12 formlega stjórnarfundum á liðnu starfsári auk ársfundar sem haldinn var í maí.

Samkvæmt samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins er stjórn skipuð fimm einstaklingum, öllum kosnum af sjóðfélögum. Í varastjórn eru tveir einstaklingar.

Í lok ársfundar 2025 voru aðalmenn í stjórn, auk mín, þau Atli Atlason, formaður, Snorri Ómarsson, varaformaður, Þórir Óskarsson og Kristín Hrefna Halldórsdóttir. Varamenn voru Helga Lára Hauksdóttir og Valur Ægisson, en Helga Lára sem var kosin varamaður á síðasta ársfundi sagði af sér síðasta haust.

Sérstök endurskoðunarnefnd starfar hjá sjóðnum og er hlutverk hennar m.a. að sinna eftirliti með endurskoðun ársreiknings og að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila.

Nefndin skilar skýrslu um sín verkefni til stjórnar en fundir endurskoðunarnefndar voru sjö talsins vegna

starfsársins 2025. Endurskoðunarnefnd á árinu 2025 var skipuð þeim Þóri Óskarsyni, Unu Eyþórsdóttir og Gunnari Snorra Þorvarðarsyni endurskoðanda og er Þórir formaður nefndarinnar.

Önnur undirnefnd stjórnar er fjárfestingaráð sem ætlað er að fylgjast með fjárfestingum sjóðsins og gæta hagsmuna hans gagnvart þeim aðila sem falið er að annast eignastýringu. Fjárfestingaráð hélt fjóra fundi á árinu 2025. Í fjárfestingaráði á árinu 2025 voru þau Snorri Ómarsson, Kristín Hrefna Halldórsdóttir og Valur Ægisson. Formaður er Snorri Ómarsson.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka stjórnar- og nefndarmönnum fyrir samstarfið á liðnu ári.

Á þessum aðalfundi, verður kosið um tvo aðalmenn til til þriggja ára og er í fyrsta skipti um rafræna kosningu að ræða sem verið hefur í loftinu sl. viku. Í framboði til aðalmanns til þriggja ára eru Kristín Hrefna Halldórsdóttir, Valur Ægisson, Kristín Lúðvíksdóttir, Ólafur Örn Ingólfsson og Erla Ósk Ásgeirsdóttir og verða niðurstöður rafrænnar kosningar kynntar hér á eftir.

Þá verður jafnframt kosið um tvo varamenn á fundinum, einn til þriggja ára og annan til tveggja ára, og geta sjóðfélagar gefið kost á sér hér á fundinum.

Snorri Ómarsson sem verið hefur stjórnarmaður um árabíl ákvað að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.

Snorri hefur setið í stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins frá júní 2011 og verið varaformaður stjórnar frá árinu 2013. Þá var hann formaður Fjárfestingarráðs sjóðsins frá vori 2020.

Snorri hefur reynst öflugur og mikilvægur stjórnarmaður og vil ég nota þetta tækifæri og þakka honum kærlega fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum og óska honum velfarnaðar í þeim verkefnum sem hann tekur að sér í framhaldinu.

Stjórn sjóðsins telur eðlilegt að stjórnarlaun þróist almennt í takt við launavísitölu. Stjórnin leggur því til að stjórnarlaun verði hækkuð úr 157 þúsund krónum í 170 þúsund krónur á mánuði, í samræmi við almenna launaþróun síðasta árs.

Nánar verður fjallað um tillögu stjórnar undir sérstökum dagskrárlið hér á eftir.

Ágætu sjóðfélagar.

Framkvæmdastjóri og sjóðstjóri munu hér á eftir fara nánar yfir rekstur ársins 2025, fjárfestingarstefnu fyrir árið 2026 og ávöxtun einstakra leiða.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka þeim sem starfað hafa með okkur í stjórn á liðnu ári. Ég þakka framkvæmdastjóra, áhættustjóra, forstöðumanni stýringar eigna og hans teymi, deildarstjóra bakvinnslu og bókhalds, sem og öllum öðrum sem komið hafa að rekstri sjóðsins, fyrir vel unnin störf í þágu hans og sjóðfélaga.

Takk fyrir.“

---

## 2. Kynning á ársreikningi

Fundarstjóri gaf því næst Ólafi Páli Gunnarssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, orðið. Ólafur hóf erindi sitt með umfjöllun um eignir íslenska lífeyriskerfisins og árlegar iðgjaldagreiðslur í kerfið. Hann sagði að hlutur séreignar ætti eftir að aukast á komandi árum, bæði vegna tilgreindrar séreignar og vegna sjóða þar sem hluti af lögbundnu iðgjaldi rennur í séreign.

Einnig fór hann yfir sérstöðu íslenska lífeyrissjóðsins að því leyttinu til að hluti af lögbundnu iðgjaldi er ráðstafað í séreign í stað samtryggingar og hægt er að velja um fjórar útgreiðsluleiðir þar sem hlutfall iðgjalds sem rennur í séreign er mis hátt.

Ólafur gerði grein fyrir ársreikningi Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2025. Ólafur sagði að ársreikningurinn hefði verið áritaður af óháðum endurskoðanda þann 28. apríl 2026. Hann fór yfir

yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðsins ásamt nánari umfjöllun um þróun iðgjalda, skiptingu lífeyris frá árinu 2020 og heildar rekstrarkostnað sjóðsins sem hlutfall af meðalstöðu hreinnar eignar sl. 10 ára. Þá fjallaði hann um rekstrarþóknun sem sjóðurinn greiðir til Landsbankans en hún skiptist í fasta þóknun sem er 215 m.kr. sem er bundin vísitölu launa í fjármála- og váttryggingastarfsemi með grunnvísitölu í júlí 2024 og breytilega þóknun sem er 0,12% á ársgrundvelli af hreinni eign sjóðsins á hverjum tíma. Ólafur fór síðan yfir efnahagsreikning sjóðsins í heild og sýndi hreina eign hvefarr ávöxtunarleiðar ásamt samanburði fyrra árs. Hann fór yfir sjóðstreymisyfirlit ársins 2025 ásamt yfirliti um raunávöxtun deilda á árinu 2025 og sl. 5 og 10 ára. Að lokum fjallaði hann um gjaldmiðlaskiptingu ávöxtunarleiða og hver fjöldi virkra sjóðfélaga og lífeyrisþega væri.

---

### 3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Ólafur Frímann Gunnarsson, forstöðumaður Eignastýringar hjá Landsbréfum, gerði þessu næst grein fyrir fjárfestingarstefnu Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2026. Fjárfestingarstefnan var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 26. nóvember 2025. Fram kom hjá Ólafi að stefnan væri mótuð út frá stöðu sjóðsins, aldri sjóðfélaga, markmiðum og áhættuþoli. Þá væri stór hluti eigna sjóðsins í séreignardeild en sjóðfélagar gætu flutt inneign sína á milli ávöxtunarleiða og til annarra vörsluaðila. Þá geti sjóðfélagar tekið út frjálsa séreign í eingreiðslu frá 60 ára aldri en 22,7% af frjálsri séreign er í eigu sjóðfélaga 60 ára og eldri. Af þessum sökum þarf stórt hlutfall eigna að vera í seljanlegum eignum. Ólafur fór yfir vægi eignaflokka í fjárfestingarstefnunni. Þær breytingar sem voru gerðar á stefnunni á milli ára voru þær að hámarksfjárfesting í erlendum gjaldmiðlum var hækkuð úr 53,0% upp í 54,5%. Í Líf I, Líf II og samtryggingardeild var vægi innlendra og erlendra skuldabréfa lækkað og vægi innlendra og erlendra hlutabréfa og sérhæfðra fjárfestinga hækkað.

Ólafur fór einnig yfir þróun markaða á árinu 2025. Fram kom að stýrivextir Seðlabanka Íslands hefðu

staðið í 8,50% í byrjun árs en voru lækkaðir fjórum sinnum á árinu og enduðu í 7,25%. Verðbólga lækkaði yfir árið og fór úr 4,8% í upphafi árs niður í 3,7% í enda árs.

Þá kom fram að skuldabréfavisitala kauphallarinnar hefði hækkað um 7,5% á árinu 2025 og vísitala verðtryggðra ríkisskuldabréfa hækkað um 6,7% á meðan óverðtryggðra vísitalan hefði hækkað um 8,2%.

Á innlenda hlutabréfamarkaðinum byrjaði árið 2025 á jákvæðu nótunum en í lok febrúar fór markaðurinn að lækka og náði lágpunkti um miðjan apríl þegar hann hafði lækkað um nærri 20%. Markaðurinn kom aðeins til baka og endaði heildarvísitala íslenskra hlutabréfa, OMXIPI, niður um 9% í lok árs. Bankar hækkuðu einna mest á árinu en þungt var í hlutabréfum Alvotech, meðal annars vegna fjármögnunarþarfa og synjunar bandaríska lyfjaeftirlitsins á umsóknunum félagsins um markaðsleyfi.

Íslenska krónan veiktist um 2,4% á árinu á móti evru en styrktist um 9% á móti bandaríkjadollar. Heimsvísitala erlendra hlutabréfa hækkaði um 20% í dollar en í krónum talið hækkaði hún um 9%.

---

### 4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur, gerði grein fyrir tryggingafræðilegri athugun á samtryggingardeild sjóðsins á árinu 2025 og forsendum hennar. Hann sagði frá því að helstu forsendur útreikninga væru ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út. Tryggingafræðingi væri þó heimilt að víkja frá staðalforsendum ef aðrar forsendur ættu betur við í viðkomandi sjóði.

Hjá Íslenska lífeyrissjóðnum eru notaðar staðalforsendur við mat skuldbindinga nema að því að leytinu að örorkulíkur eru 65%/55% af staðalforsendum fyrir karla og konur.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins í lok árs 2025 var -2,3% sem er innan leyfðra vikmarka. Umtalsverður

halli var þó á áfallinni stöðu eða -9,8% en þó minni en t.d. á árunum 2022 og 2023. Bjarni nefndi þó að sjóðurinn hefði töluverðan tíma til að jafna þá stöðu, lífeyrisgreiðslur úr samtryggingardeild voru rúmlega 500 m.kr. og skerðing hefði takmörkuð áhrif hvað varðar útgreiðslur næstu ár. Sjóðurinn væri í miklum vexti sem veitti nokkra vernd gegn sveiflum í ávöxtun.

Að lokinni yfirferð yfir fjóra fyrstu liði fundarins gaf fundarstjóri orðið laust.

Engar spurningar komu frá fundarmönnum og var því haldið áfram samkvæmt dagskrá fundarins.

---

## 5. Kosning í stjórn

Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag kosningar til stjórnar en kosningin fór fram með rafrænum hætti frá og með klukkan 17:00 þann 13. maí til og með klukkan 16:00 þann 19. maí. Samkvæmt samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins er stjórn sjóðsins skipuð fimm mönnum og eru allir stjórnarmenn kosnir af sjóðfélögum. Fundarstjóri vísaði til samþykta og upplýsti að kosið hefði verið um tvo aðalmenn til þriggja ára. Framboðsfrestur rann út viku fyrir fund

og borist höfðu framboð frá fimm einstaklingum, Erlu Ósk Ásgeirsdóttur, Kristínu Hrefnu Halldórsdóttur, Kristínu Lúðvíksdóttur, Ólafi Erni Ingólfsyni og Val Ægissyni.

Niðurstöður kosningarinnar voru á þann veg Kristín Lúðvíksdóttir og Valur Ægisson voru kosin í stjórn sjóðsins til þriggja ára.

---

### 5.1. Kosning í varastjórn

Kosið var um tvö sæti í varastjórn en hægt er að bjóða fram sem varamaður fram að kosningu á ársfund. Engin framboð höfðu borist fyrir ársfundinn en bæði Kristín Hrefna Halldórsdóttir og Ólafur Örn Ingólfsson höfðu lýst áhuga á að bjóða sig fram í

varastjórn ef þau myndu ekki ná kjöri í aðalstjórn. Engin önnur framboð komu fram á fundinum og voru Kristín Hrefna og Ólafur Örn því sjálfkjörin í varastjórn.

---

## 6. Kosning endurskoðanda

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins lagði til, að fenginni tillögu endurskoðunarnefndar sjóðsins, að endurskoðandi sjóðsins árið 2026 yrði KPMG, Borgartúni 27.

Fundarmenn samþykktu tillögu stjórnar og lýsti fundarstjóri KPMG, Borgartúni 27, því réttkjörinn endurskoðandi Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2026.

---

## 7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Engar tillögur um breytingar á samþykktum lágu fyrir fundinn.

---

## 8. Laun stjórnarmanna

Gerð var grein fyrir tillögu að launum stjórnar. Hljóðar hún svo:

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til að stjórnarlaun verði 170.000 krónur á mánuði, tvöfalt fyrir stjórnarformann og ein og hálf stjórnarlaun fyrir

varaformann. Stjórnarlaun miðast við einn fund í mánuði. Ef stjórnarfundir eru fleiri skal greiða aukalega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund. Varamaður fái greidd laun aðalmanns fyrir hvern setinn stjórnarfund. Mánaðarlaun varamanns verði þó að lágmarki sem nemur 15% af mán-

---

aðarlaunum aðalmanns eða kr. 25.500. Mánaðarleg þóknun til varamanns skal aldrei vera hærri en sem svarar til mánaðarlauna stjórnarmanna. Stjórn er heimilt að greiða stjórnarmönnum viðbótargreiðslur (tímalaun) ef viðkomandi taka að sér sérstök verkefni sem falla utan hefðbundinna stjórnarstarfa. Fyrir hæfismat hjá Fjármálaeftirliti verði greidd ein mánaðarlaun stjórnarmanns.

Nánar um tillöguna:

- Miðað er við að mánaðarleg stjórnarlaun hækki um 8,2%
- Ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í hverjum mánuði skuli greiða aukalega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund (fundir á liðnu starfsári voru 13 talsins).
- Þá fái varamenn í stjórn greidd laun aðalmanns, kr. 170.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund. Mánaðarlaun varamanns verði þó að lágmarki sem nemur 15% af mánaðarlaunum aðalmanns. Mánaðarleg þóknun til varamanns skal aldrei vera hærri en sem svarar til mánaðarlauna stjórnarmanna.

- Heimild til að greiða stjórnarmönnum viðbótargreiðslur kemur einungis til ef stjórn felur einstaka stjórnarmönnum tiltekin viðbótarverkefni sem falla utan hefðbundinna stjórnarstarfa. Framkvæmd verði þannig að um tímalaun verði að ræða sem afmarkast að viðkomandi verkefni.
- Fyrir hæfismat hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands eru aðalmönnum og varamönnum í stjórn greidd ein mánaðarlaun stjórnarmanns.

Laun nefndarmanna (ráðsmanna) verði 84.000 krónur fyrir hvern setinn fund. Laun formanna nefndanna verði 125.000 krónur fyrir hvern setinn fund.

Tillagan felur í sér 8,2% hækkun á milli ára.

Fundarstjóri gaf orðið laust undir þessum lið.

Fundarstjóri spurði hvort einhver væri mótfallinn ofangreindri tillögu. Engar mótbárur voru gegn tillögunni og var hún því samþykkt.

---

## 9. Önnur mál

Fundarstjóri kvað orðið laust ef fundarmenn vildu tjá sig eða koma með spurningar.

Enginn fundarmaður óskaði eftir því að kveða sér hljóðs.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð fundar til að ganga frá fundargerð. Fundi var slitið kl. 16:45.

Fjöldi sjóðfélaga sem mættu á fundinn voru 13 talsins með 0,136% atkvæðavægi.

Þannig fram farið.

---

Daði Bjarnason, fundarstjóri

---

Pétur Pétursson, fundarritari



# Undirritunarsíða

Daði Bjarnason

Pétur Pétursson